

LungA-skólinn ses.
Björt Sigfinnsdóttir, skólastjóri
Austurvegi 4
710, Seyðisfjörður

Kópavogi, 3. júní 2021
Tilvísun: M21010009

Efni: Viðurkenning lýðskóla til eins árs.

Vísað er til umsóknar dagsett 8. september 2020, þar sem sótt er um viðurkenningu sem lýðskóli.

Samkvæmt 3. gr. laga um lýðskóla nr. 65/2019 getur Menntamálastofnun veitt skólum eða stofnunum viðurkenningu til að starfa undir heitinu lýðskóli. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020 var sett 20. apríl 2020.

Viðurkenning felur hvorki í sér viljrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Menntamálastofnun getur afturkallað viðurkenningu skóla til að starfa undir heitinu lýðskóli ef hann uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 65/2019 eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi LungA-skólans ses. Gögnin voru borin saman við lög um lýðskóla nr. 65/2019 og reglugerð um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, skólanámskrá, skipulag náms, markhópur nemenda, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, skipulag innra matskerfis og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með LungA-skólanum ses. kt. 660213-1200, viðurkenningu til að starfa undir heitinu lýðskóli til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá LungA-skólans ses. og byggir á að starfsemin fari fram í húsnaði skólans að Austurvegi 4 og á heimavist að Suðurgötu 8 eins og lýst er í umsókn, sem hefur verið

tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Við mat á endurnýjun viðurkenningar þessarar verður sérstaklega litið til þess hvernig tekist hefur að fullvinna og innleiða innra matskerfi og sjálfsmat í samræmi við 8. gr. laga um lýðskóla nr. 65/2019. Enn fremur að vottorð heilbrigðis- og brunamálayfirvalda séu uppfærð, að búið verði að tryggja aðkomu nemendaráðs að tilnefningu stjórnarmanns í samræmi við 11. gr. laga um lýðskóla og að skýrt verklag varðandi meðferð ágreiningsmála hafi verið innleitt.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Lunga-skólans ses.

Arnór Guðmundsson, forstjóri
(Undirritað rafrænt)

Undirritunarsíða

Forstjóri Menntamálastofnunar
Arnór Guðmundsson